



Öldubrot

Fréttabréf Öldutúnsskóla



21. árgangur, 2. tölublað

Júní 2006

Ábm.: Guðmundur I. Jónsson

Fréttabréfið er sent í tölvupósti til allra foreldra. Það er einnig á vefsíðu skólans

Til minnis

- Vefsíða skólans er: www.öldutunsskoli.is
- Vefsíða félagsmiðstöðvar er: www.aldan.is
- Sími skólans er **555 1546** Skrifstofan verður lokuð 1. júlí til 8. ágúst vegna sumarleyfa.
- Skólasetning verður 22. ágúst.
- Vefsíða Foreldrafélagsins: simnet.is/h16

Skólastjóri:

Erla Guðjónsdóttir.

Aðstoðarskólastjórar:

Guðmundur Ingi Jónsson
María Pálmadóttir.

Efni í blaðinu:

- Frá skólastjóra
- Skólaslit
- Vortónleikar kórsins
- Útivistaráfangi
- Skákfélag stofnað
- Skólastefna
- Starf vinnuhóps um húsnæði skólans
- Norðurlandaverkefni
- Vordagar í unglिंगadeild
- Forvarnarstefna

Frá skólastjóra

Nú við lok þessa skólaárs, sem er annað árið mitt í starfi hér, er mér efst í huga gott og farsælt foreldrasamstarf sem við höfum átt hér í Öldutúnsskóla. Það er ekki ofmælt að segja að samvinna og samstarf skólafólksins við foreldra er mikilvægasti lykillinn að farsælli skólagöngu barnanna.

Hvað er skóli? Er hann skólahúsnæðið? Er hann nemendurnir? Er hann kannski kennararnir? Hvað er góður skóli? Er hann glæsileg og vel búin bygging? Er hann þróttmikill nemendahópur? Þessar spurningar eru verðugt umhugsunarefni. Að mínu mat er skóli allt þetta, en í eðli sínu er hann þó fyrst og fremst ræktunarstarf. Það hvernig fólk hlúir að ungvíði sínu og kemur því til þroska er mælikvarði á hvar gott er að vera, hvar gott er að búa. Á góðum heimilum, í góðum skóla, í góðu sveitarfélagi, ríkir áhugi, þekking og vilji til að leggja sérstaka rækt við börnin okkar. Þetta ræktunarstarf stundum við fyrst og fremst með góðu og miklu samstarfi heimila, skóla og fræðslufirvalda.

Starfsfólki, nemendum og foreldrum þeirra færi ég bestu þakkir fyrir samstarfið í vetur með óskum um ánægjulegt sumarleyfi.

Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri

Skólaslit og útskrift fimmtudaginn 8. júní

Nemendur eru beðnir að mæta í kennslustofur sínar á eftirfarandi tímum:

Klukkan 9.00, 2. og 3. bekkur.

Klukkan 10:00, 4. og 5. bekkur.

Klukkan 11.00, 6. og 7. bekkur.

Klukkan 12.00, 8. og 9. bekkur.

Hver hópur kemur síðan saman í sal skólans þar sem verður stutt kveðjuathöfn áður en nemendur fá afhentar einkunnir sínar.

Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga er klukkan 17.00 þann 8. júní í sal safnaðarheimilis Hafnarfjarðarkirkju.

Vortónleikar Kórs Öldutúnsskóla

Þann 13. maí voru vortónleikar kórsins okkar í Víðistaðakirkju kl. 17. Kórinn söng undir stjórn Brynhildar Auðbjargardóttur og voru bæði innlend og erlend lög á efnisskránni. Litli kór Öldutúnsskóla söng einnig undir stjórn Egils Friðleifssonar. Síðast en ekki síst skal nefna Kvennakór Öldutúns sem hefur æft saman í vetur undir leiðsögn Brynhildar. Þar eru saman komnar konur sem allar eiga það sameiginlegt að hafa sungið í kór Öldutúnsskóla á sínum tíma. Það var verulega ánægjuleg stund sem við áttum saman þetta síðdegi og var kirkjan nánast fullsetin. Við þökkum Brynhildi og Agli hjartanlega fyrir frábært starf þeirra við kóranna.

Metnaðarfull mótunarvinna um stefnu Öldutúnsskóla

Eins og áður hefur komið fram hefur verið unnið að endurskoðun á skólastefnu Öldutúnsskóla. Upphaf þeirrar vinnu var á skólapingi í október 2005 þar sem saman komu starfsmenn og foreldrar. Stýrihópur vann úr efniviði þingsins og úr varð leiðarljós og meginmarkmið. Aftur var efnt til þings í febrúar til að fara yfir það sem stýrihópurinn hafði unnið og ræða leiðir að markmiðunum. Leiðir sem við förum til að ná markmiðunum eru að miklu leyti þegar innbyggðar í skólastarfið og birtast í námskrá skólans. Það er nú verkefni okkar að skilgreina og skrá leiðir með enn skipulegri hætti og tengja við markmiðin. Að því verkefni verður unnið í framhaldinu.

Stjórn Foreldrafélagsins mun fullvinna stefnu um foreldrasamstarf og væntum við þess að hún verði samþykkt við upphaf næsta skólaárs. Stefna um heimanám verður einnig orðin fullmótuð í haust.

Leiðarljós Öldutúnsskóla

Virðing velliðan virgni

Í samvinnu við foreldra og skólayfirvöld er stefna Öldutúnsskóla að

- leggja áherslu á jákvætt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að efla sjálfa sig, styrkja sjálfsmynd sína og taki sífellt meiri ábyrgð á sjálfum sér og námi sínu eftir því sem aldur og þroski þeirra gefur tilefni til.
- skólastarfið mótist af nútímalegum vinnubrögðum og sé gefandi og skapandi. Stundaðir séu fjölbreyttir kennsluhættir sem koma til móts við þarfir nemenda með áherslu á styrkleika þeirra.
- veita nemendum þekkingu til undirstöðu fyrir frekara nám og starf. Þeir eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu sem mótist af virðingu og víðsýni gagnvart samferðafólki.
- stunda gagnkvæmt samstarf og upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla sem styrki báða aðila að búa börnunum góð námsskilyrði.

Útivist og útikennsla í 9. og 10. bekk

Fimmtudaginn 11. maí var síðasti tíminn í valáfanganum útivist og umhverfi. Í blíðskaparveðri var haldið af stað í áttina að Víðistaðatúni. Þar var hópnum skipt í tvö lið og við tók æsispennandi Survivorkeppni í boði skátafélagsins Hraunbúa. Það var m.a. keppt í tjalduppsetningu, skókasti, reiptogi, að ráða dulmál og fleira. Eftir drengilega keppni var okkur boðið upp á grillaðar pylsur og djús. Við færum þeim Andra og Nönnu, frá Hraunbúum, okkar innilegstu þakkir fyrir frábærar móttökur. =>

Sigríður Ingadóttir, kennari

Fyrsti bekkur næsta vetur

Nú bregður svo við að töluvert fleiri eru í árganginum sem verður í 1. bekk, en áður hefur verið. Verða fjórir bekkir næsta vetur í stað þriggja eins og verið hefur. Foreldrar nýnemanna voru að venju boðaðir til kynningarfundar í lok maí. Þar voru foreldrarnir fræddir um hvernig við hlúum að börnum þeirra, hvaða þjónustu við veitum utan kennslunnar auk þess sem þeir fengu innsýn í kennsluáðstæður. Við höfum það einnig fyrir venju að bjóða foreldrum nýnemanna á fræðslufund í september ár hvert um kennsluhætti og þroska barna sem eru á þessum aldri. Það er okkur metnaðarmál að taka vel á móti þessum nýju nemendum okkar og leggja góðan grunn að velliðan þeirra í skólanum. E.G.



Sjálfsmat skólans

Samkvæmt lögum ber hverjum skóla að stunda mat á starfi sínu og gera það opinbert. Matsskýrsla skólans verður send fræðslustjóra í júní og birt á heimasíðu skólans um leið.

Vinnuhópur um húsnæðismál Öldutúnsskóla að störfum

Íþróttahús við skólann, viðbygging og endurbætur á húsnæði

Fyrir nokkru samþykkti bæjarstjórn að skipaður skyldi vinnuhópur um húsnæði Öldutúnsskóla. Skipan hópsins varð í kjölfar bréfs frá Foreldrafélagi skólans og starfsmannafélagi til bæjarstjórnar um húsnæðis- og aðbúnaðarmál skólans og þörf fyrir íþróttahús.

Vinnuhópurinn er skipaður eftirfarandi aðilum: Magnús Baldursson, fræðslustjóri, Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri, Anna Ólafsdóttir, kennari, Árni Mathiesen, formaður Foreldrafélags Öldutúnsskóla, Elfa Stefánsdóttir, forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Öldunnar, Sigurður Haraldsson, forstöðumaður Fasteignafélags Hafnarfjarðar og Málfríður Kristjánsdóttir, tæknideild Hafnarfjarðar.

Hröð handtök – ályktun hópsins til bæjarráðs

Hópurinn hefur unnið hratt og vel og hefur skilað áfangaáliti til bæjarráðs. Lagt hefur verið mat á á stærð og ástand húsnæðis skólans og fyrir liggur hversu marga fermetra vantar til að húsnæðið teljist nægilega stórt fyrir skóla með þremur bekkjum í árgangi.

- Lagt er til að nú þegar verði fenginn arkitekt til að vinna úr niðurstöðum um húsnæðisþörf skólans og vinna tillögu um hvar og hvernig megi byggja við og hvernig megi breyta nýtingu á ýmsum rýmum í núverandi húsnæði til að koma betur til móts við húsnæðisþörfina.
- Skólalóð verði endurskipulögð og leitað leiða til að stækka hana með hliðsjón af viðbyggingu og hvar megi koma fyrir íþróttahúsi.
- Nú strax í sumar verði hafin vinna við endurbætur á kennslustofum í B – álmu skólans.

Um aðstöðu til kennslu list- og verkgreina

Það er ljóst að skóli sem er með þrjár bekkjardeildir í árgangi kemst ekki af með eina kennslustofu fyrir hverja grein í list- og verkgreinum, eigi að halda uppi kennslu í öllum þeim greinum frá og með 1. bekk.

Aðalnámskrá gerir ráð fyrir að nemendur fái að lágmarki fjórar kennslustundir á viku í listgreinum sem geta verið tónmennt, ýmiss konar handmennt, myndmennt og dans.

Við erum svo lánsöm að geta nú boðið börnum í 1. til 4. bekk tvær kennslustundir á viku í tónmennt hjá Brynhildi Auðbjargardóttur og Auður Haraldsdóttir, danskennari mun kenna dans hjá okkur næsta vetur í 1. til 4. bekk, eina kennslustund á viku. Að geta haft kennslu í þessum greinum, gerir okkur kleift að sinna vel listgreinum þrátt fyrir að við höfum ekki nægilegar margar stofur fyrir hand- og myndmenntina

Íþróttahús

Það er afar brýnt að fá sem fyrst íþróttahús við skólann. Það veldur okkur miklum óþægindum að þurfa að senda börnin okkar með rútum í íþróttakennslu fjarri skólanum. Það bæði tekur tíma og lengir vinnuviku barnanna, auk þess sem það veldur streitu og vanlíðan margra barna, að ekki sé talað um kostnaðinn fyrir bæinn að þurfa að greiða fyrir fjölmargar rútuferðir í hverri viku.

Við vonumst til að áfram verði unnið hratt og vel af hálfu bæjarins og úrbóta verði ekki langt að bíða.

Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri

Skákfélag Öldutúnsskóla stofnað með formlegum hætti á vorhátíð skólans

Á vorhátíð skólans í lok apríl sl. var stofnað Skákfélag Öldutúnsskóla. Í tilefni af því komu góðir gestir og tefldu fjöltefli við krakkana og gesti. Þeir sem heiðruðu skólann með nærveru sinni voru Hrafn Jökulsson, skákfrömuður og stofnandi Hróksins, Róbert Harðarson sem er einn af sterkustu skákmönnum landsins og Kristinn Guttesen liðsmaður Hróksins. Auk þess kom Auðbergur Magnússon, formaður skákfélags Hauka, færandi hendi og gaf skólanum tíu töfl í tilefni dagsins. Með honum var Omar Salama, frá Egyptalandi, skákmaður sem m.a. var þjálfari skáklandslíðs Egypta. Þessu fólki eru sendar kærar kveðjur með þakklæti fyrir framlag þeirra til skákíþróttarinnar og stuðninginn við okkur. E.G.



Norðurlöndin - kynning 6. bekkjara

Nemendur í 6. bekk hafa undanfarnar vikur unnið verkefni um Norðurlöndin. Unnið var í hópum og hver þeirra aflaði upplýsinga um eitt Norðurlandanna. Þriðjudaginn 16. maí var kynning á afrakstri vinnu nemenda. Sett var upp ferðaskrifstofa þar sem hver hópur kynnti sitt land og ýmis spennandi ferðatilboð. Foreldrum var boðið á kynninguna svo og nemendum 5. bekkja. Glæsilegar veitingar voru á boðstólum, m.a. kökur í fánalitunum og aðrar kræsingar ættaðar frá Norðurlöndunum.

Vordagar í unglिंगadeild

Í maímánuði er skólastarf í unglिंगadeild að mörgu leyti með óhefðbundnum hætti. Skólastarf er brotið upp og bóklegt nám lagt til hliðar. Námsmat fer einnig fram í maí eins og venja er. Hér verður stuttlega gert grein fyrir þeim verkefnum sem nemendur hafa fengist við.

Dagana 3.-10. maí var umhverfisvika í 8.bekk. Jónatan Garðarsson fylgdi okkur um nánasta umhverfi Hafnarfjarðar og fræddi nemendur um sögu og jarðfræði. Farið var í fjöruna við Straumsvík og gengið um hraunin þar í kring. Einnig gengu nemendur **Búrfellsgjá** og á **Búrfell** og svo var farið á **Byggðasafnið** í Hafnarfirði þar sem nemendur sáu grunnsýninguna um sögu Hafnarfjarðar, leikfangasýninguna og sumarsýninguna um hernámið á svæðinu.

Við fengum ljómandi gott veður alla dagana, nutum útivistarinnar, borðuðum nesti undir berum himni við söng smáfuglanna og suð í hunangsflugum og höfðum gaman. Allir nemendur héldu dagbók alla vikuna og skiluðu verkefnamöppu í lokin. Nemendur voru til fyrirmyndar í hegðun og framkomu allan tímann. Myndir frá ferðunum má sjá á heimasíðu skólans, www.öldutunsskoli.is.

Á sama tíma voru nemendur 9. bekkjar á skyndihjálparnámskeiði en það hefur verið fastur liður undanfarin ár. Nemendum var skipt í hópa sem fengust við hina mismunandi þætti skyndihjálpar auk þess að taka skriflegt próf í lokin. Á þessum dögum voru þeir einnig í samskiptum við danska pennavini sína sem áætlað er að heimsækja eftir sumarfrí.

Nemendur í 10. bekk unnu að nýsköpunarverkefni dagana 16.- 24. maí. Þetta er ársvisst eftir vorferð sem farin er eftir samræmdu prófin. Verkefnið hófst á fjármálafrírlestri Elíasar Ægis Jónassonar frá SPH. Þá völdu nemendur sig saman í fjögurra manna hópa og völdu hvers konar rekstri þeir vildu koma að. Í boði var t.d. stofnun fyrirtækis, gerð draumafarartækis, standa fyrir viðburði t.d. tónleikum eða brúðkaupi. Vinnan var mjög fjölbreytt en nemendur þurftu að standa skil á dagbók, fjárhagsáætlun, teikningum og/eða módeli, auglýsingum ásamt jafningjamati og sjálfsmati. Nýsköpunarverkefnið voru til sýnis í skólanum, miðvikudaginn 24. maí. Foreldrar fjölmenntu og blaðamenn létu sjá sig. Mörg verkefnanna voru vel úr garði gerð. Hæstu einkunn hlaut verkefnið **Friðarkaffi** (sjá mynd hér til hliðar) en að því stóðu Arna Bergrún, Guðný Halla og Þóra Kristín í 10.K.



Forvarnarstefna Öldutúnsskóla, skráð og samþykkt

Forvarnarstefna skólans var samþykkt á starfsmannafundi nýlega. Stefnan hefur verið í vinnslu undanfarið ár og í henni birtast markmið og leiðir varðandi forvarnir í víðasta skilningi þess orðs. Stefnan er handbók, gátlisti okkar um forvarnarviðfangsefni í skólanum. Hún er ekki endanlegt plagg, heldur munu skólastjórar ásamt forvarnarteymi vinna stöðugt að því að gera stefnuna betri, börnum okkar til heilla og hamingju.

Skólastjórar og starfsfólk Öldutúnsskóla senda öllum nemendum og foreldrum þeirra bestu kveðjur með þakklæti fyrir samstarfið í vetur



Öldutúnsskóli

hlýja - umhyggja - festa

